

Ár 1980, föstudaginn 5. desember, var í málinu nr. 16/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að ágreiningur hefur risið milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og bæjarstjórnar Garðabæjar hins vegar um skyldu ríkissjóðs til að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 4 við Reynilund í Garðabæ.

Ríkissjóður keypti ofangreinda fasteign á árinu 1979 í því skýni að nota hana sem fjölskylduheimili fyrir þá nemendur Öskjuhlíðarskóla, sem þannig er ástatt fyrir, að ekki er unnt að vista þá á venjulægum heimilum. Telur menntamálaráðuneytið, að fasteign þessi sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga..


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er umrædd fasteign dvalarstaður barna og ungmenna, sem njóta þar nauðsynlegrar umönnunar. Verður að telja eign þessa til barnaheimila í skilningi 5. gr. laga nr. 8/1972. Nýtur hún því undanþágu frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R Ð A R O Ð :

Ríkissjóði er óskylt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 4 við Reynilund í Garðabæ.


Gaukur Jörundsson

Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon

Rétta útskrift staðfestir:

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

